

# Stjórnarfundur FEB nr. 475 miðvikudaginn 8. júní 2022 kl. 13.40 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

**Mættir aðalmenn:** Ingibjörg Sverrisdóttir formaður og fundarstjóri, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Geir A. Guðsteinsson.

**Mættir varamenn:** Halldór Frímannsson og Kristján Árnason.

**Fjarverandi:** Ólafur Örn Ingólfsson aðalmaður og Viðar Eggertsson varamaður

Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

## Dagskrá:

1. Afgreiðsla stjórnarfundargerða nr. 472 & 474.

2. **Húsnæðisnefnd.**

Fjölgað hefur verið í húsnæðisnefnd um einn og hefur Jóhann G. Ásgrímsson, viðskiptafræðingur bæst í hópinn.

3. **Hólaberg 84 (H84)**

Síðustu ár hefur húsfélag H84 þrýst á að Reykjavíkurborg falli frá kvöðum sem hvíla á íbúðum í H84 þess efnis að íbúðarverð fylgi uppreiknuðu kostnaðarverði. Reykjavíkurborg hefur skilmerkilega hafnað þessum óskum og er það algjörlega í samræmi við afstöðu stjórnar FEB. Á síðustu dögum hefur FEB og Reykjavíkurborg verið tilkynnt um óeðlilega viðskiptahætti við sölu á íbúðum við H84, sem bæði eru ólögmatir og fara í bága við Siðareglur Félags fasteignasala. FEB hefur verið upplýst um að þessar tilkynningar hafi verið áframsendar til eftirlitsaðila til skoðunar.

4. **Bréf til stjórnar FEB frá fulltrúum íbúa í Árskógum 1 og 3, dagsett 18. maí 2022.**

Bréfið varðar meintar vanefndir við afhendingu, sem áður hefur verið kvartað yfir. Bréfinu hefur verið svarað og það upplýst að FEB hefur komið öllum þessum umkvörtunarefnum til skila til verktaka á sérstökum fundi þar sem farið var yfir þau lið fyrir lið.

5. **Leigufélag aldraðra (LA)**

Ekki hægt að ákveða dagsetningu ársfundar LA fyrr en að ljóst er hvenær endurskoðun reikninga lýkur. Í maí skrifaði Reykjavíkurborg undir viljayfirlýsingu við Samtök aldraðra og **Leigufélag aldraðra** um íbúðir í lífsgæðakjörnum. **Leigufélag aldraðra** fékk vilyrði fyrir 50 íbúðum við Leirtjörn.

*[Handwritten signatures and initials in blue ink]*

## 6. Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Fundurinn samþykkti að eftirtaldir aðilar yrðu fulltrúar FEB í Öldungaráði næsta starfsár:

Aðalmenn:

- Ingibjörg H. Sverrisdóttir
- Viðar Eggertsson
- Ingibjörg Óskarsdóttir

Varamenn:

- Geir A. Guðsteinsson
- Kolbrún Stefánsdóttir
- Halldór Frímannsson

Stjórn FEB hefur komið því skýrt á framfæri við alla flokka í borgarstjórn að hún telji að formaður Öldungaráðs þurfi að vera sitjandi borgarfulltrúi svo að málefni Öldungaráðs nái til eyrna réttra aðila.

## 7. Nefndir

Framboðum almennra félagsmanna í nefndir og starfsemi FEB er tekið fagnandi og er þörfin metin í hvert sinn. Aðalreglan á að vera sú að hver nefnd gefi reglulega skýrslu til stjórnar um störf viðkomandi nefndar og geri ársskýrslu fyrir aðalfund ár hvert.

## 8. Viðburðarnefnd.

Formaður FEB sett í gang viðburðarnefnd undir forystu Ernu Indriáadóttur. Tilgangur nefndarinnar er að koma með tillögur að nýjum viðburðum og námskeiðum fyrir komandi vetur. Allir nefndarmenn eru almennir félagsmenn fyrir utan einn stjórnarmann FEB. Nefndin hefur hafið störf.

## 9. Nefndir á vegum ráðuneyta með fulltrúum frá LEB

Í býgerð er að setja á stofn tvær nefndir á vegum félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra er lúta að heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk annars vegar og almennum málefnum eldra fólks hins vegar. Formaður LEB mun sitja í báðum þessum nefndum sem aðalmaður og formaður FEB tekur sæti sem varamaður f.h. LEB.

## 10. Fulltrúar FEB í fulltrúaráði Múlabæjar/Hlíðarbæjar

Til stendur að endurskoða skipulagsskrá Múla- og Hlíðarbæjar sem yrði lögð fram á ársfundi þeirra árið 2023. Fulltrúar FEB í stjórn og fulltrúaráði munu hafa aðkomu að þeirri vinnu.

*Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður vék að fundi og varaformaður Sigurbjörg Gísladóttir tók við stjórn fundarins.*

**11. Laun formanns FEB.**

Stjórnin samþykkti að hækka laun formanns FEB upp í kr. 150.000 enda er hún að skila mikilli vinnu og viðveru til félagsins. Mun launahækkunin miðast við 1. júní 2022. Aðrir stjórnarmenn eru ekki launaðir og hafa ekki verið.

12. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.20

**Fundargerð ritaði**

**Geir A. Guðsteinsson**

Geir Guðsteinsson  
Hauður Finncannan  
Ingibjörg Svavil  
Ingibjörg Óskarsdóttir  
Aurkútt Mace  
Sigurberg Guðaból